# Kennsluáætlun

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

| | |
|---|---|
| Áfangi: | ÞÝSK1ÞC05 |
| Kennari: | Hólmfríður Friðjónsdóttir |
| Önn: | Haust 2023 |
| Áætlun unnin: | 18.8. 2025 |

## Markmið:

### Þekkingarmarkmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

-greina og setja fram þann orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta markmiðum áfangans
-flokka og greina grundvallarþætti þýska málkerfisins
-setja fram og fá skilning á menningu, samskiptavenjum og siðum þýskumælandi landa og þjóðanna þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál

### Leiknimarkmið:

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

-skilja talað mál um kunnugleg efni, fylgja almennum munnlegum fyrirmælum og greina helstu aðalatriði í kvikmyndum þegar fjallað er um afmörkuð efni
-lesa margs konar gerðir texta og vinna úr þeim á mismunandi hátt eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
-afla sér einfaldra hagnýtra upplýsinga og taka þátt í almennum samræðum um efni sem hann þekkir með því að beita kurteisis- og málvenjum við hæfi
-segja frá á skýran hátt, í nútíð og liðinni tíð, og halda stutta kynningu á undirbúnu efni með því að --
-beita orðaforða, setningagerð og framburði á sem réttastan hátt
-skrifa styttri samfelldan texta um efni sem hann þekkir, draga ályktanir og tjá eigin skoðanir
-nota upplýsingatækni og hjálpargögn, svo sem orðabækur, við ritun texta

### Hæfnimarkmið:

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

-fjalla á tiltölulega einfaldan hátt, munnlega og skriflega, um efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á sem og eigin skoðanir og persónulega reynslu
-bjarga sér á þýsku við ýmsar aðstæður í almennum samskiptum
-tileinka sér aðalatriðin í frásögnum og mismunandi tegundum texta og geta dregið ályktanir ef efnið er kunnuglegt
-geta metið eigið vinnuframlag og annarra
-tileinka sér jákvætt viðhorf til þýskunámsins og hafa trú á eigin kunnáttu í faginu.

| | |
|---|---|
| sem metið er með: | munnlegum og skriflegum smærri og stærri verkefnum sem dreifast jafnt yfir önnina. |

| | |
|---|---|
| Námsefni: | Sett inn í Moodle alla önnina jafnt og þétt frá kennara |

| **Námsmat:** | |
|---|---|
| | Munnleg og skrifleg verkefni, hlustunar- og upplestrarverkefni jafnt og þétt alla önnina. Engin próf. |

| **Skipulag náms:** |
|---|
| Námstilhögun: |
| Kennari setur í upphafi hverrar viku inn kennsluefni og verkefni því tengd ásamt nákvæmum útskýringum á tilhögun námsins. |
| Um skilafrest og vanskil: |
| **Skilakassar loka kl. 23.59 á föstudögum og ekki er gefinn neinn frestur á verkefnaskilum. Aðeins skólameistari getur gefið leyfi fyrir seinum verkefnaskilum í sérstökum tilfellum.** |
| Námsmat: |
| Munnleg og skrifleg verkefni, hlustunar- og upplestrarverkefni jafnt og þétt alla önnina: 100%<br>Engin lokaverkefni. |
| |
| |